

REGLUR

um sundurliðun á verði lyfja sem seld eru gegn lyfseðli.

1. gr.

Reglur þessar taka til fyrirtækja sem selja lyf til neytenda og kveða á um skyldu til að sundurliða verð lyfja sem seld eru gegn lyfseðli. Markmið reglnanna er að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð.

2. gr.

Við afgreiðslu á lyfjum gegn lyfseðli er skylt að sundurliða hlut neytenda í verði allra lyfja. Þannig skal koma fram á kvittun úr afgreiðslukassa, á sölunótu eða með öðrum hætti, sundurliðað verð á hverju lyfi. Ávallt skal tryggt að neytendur eigi auðvelt með að átta sig á verði hvers lyfs fyrir sig.

3. gr.

Samkeppnisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast gildi þann 1. mars 2004.

Samkeppnisstofnun, 13. nóvember 2003.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðarbyggðar suðaustan Skógarhlíðar, við Lónsá í Hörgárbyggð.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur samþykkt deiliskipulag íbúðarbyggðar við Skógarhlíð við Lónsá.

Deiliskipulagið nær til átta íbúðahúsalóða suðaustan Skógarhlíðar við Lónsá, þar sem gert er ráð fyrir sjö einbýlishúsum á einni hæð og einu á 1 og $1\frac{1}{2}$ hæð. Nýtingarhlutfall lóða er 0,35.

Deiliskipulagið er í samræmi við stefnu svæðisskipulags Eyjafjarðar 1998–2018 um þéttbýli.